



Reykjavík 27. nóvember 2019

Til skipulags- og samgönguráðs

Tillaga: Göngugötur á aðventu

Undanfarin ár hefur götum í miðborginni verið breytt í göngugötur í aðdraganda jólanna. Nú hefur neðri hluta Laugavegs frá Klapparstíg að Ingólfsstræti og Skólavörðustíg frá Bergstaðarstræti að Laugaveg verið breytt í varanlega göngugötu og mun þar gilda samskonar fyrirkomulag og nú er í gildi, en vörulosunartími er milli 7-11 virka daga en í aðdraganda jóla frá 13. desember verði einnig opnað fyrir vörulosun milli 8-11 á laugardögum.

Á Þorláksmessu 23. desember munu göngugötur vera á Laugaveg frá Barónsstíg niður að Lækjartorgi ásamt Pósthússtræti og Austurstræti frá kl 14:00.

Fh. skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar,
Edda Ívarsdóttir, verkefnastjóri borgarhönnunar.